

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 254/2016****2018/EES/56/39****frá 2. desember 2016****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka
fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/344 frá 9. mars 2016 um að koma á fót evrópskum vettvangi til að efla samstarf við að taka á svartri atvinnustarfsemi ⁽¹⁾.
- 2) Því ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn svo aukið umfang samstarfsins geti átt sér stað.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta 9. mgr. 15. gr. bókunar 31 við EES-samninginn:

„EFTA-ríkin skulu taka þátt í samstarfinu sem kveðið er á um í eftirfarandi gerðum ESB:

- **32014 D 0573:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 573/2014/ESB frá 15. maí 2014 um aukið samstarf milli opinberra vinnumiðlana (Stjútíð. ESB L 159, 28.5.2014, bls. 32).
EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt, án atkvæðisréttar, í stjórn nets opinberra vinnumiðlana.
- **32016 D 0344:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/344 frá 9. mars 2016 um að koma á fót evrópskum vettvangi til að efla samstarf við að taka á svartri atvinnustarfsemi (Stjútíð. ESB L 65, 11.3.2016, bls. 12).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103 gr. EES-samningsins hefur farið fram (*).

*3. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.**Gjört í Brussel 2. desember 2016.**

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 65, 11.3.2016, bls. 12.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.